

Fimmtudaginn 25. febrúar 1993.

Nr. 458/1990. **Jón Gunnar Hilmarsson**

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

Guðjóni Elí Jóhannssyni

(Hákon Árnason hrl.).

Vinnulaun. Veikindaforföll. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. desember 1990. Hann krefst þess, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og allar kröfur sínar fyrir héraðsdómi teknar til greina, en þær eru, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 214.497,84 krónur með vöxtum frá 18. mars 1988 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir atvikum þykir rétt, að stefndi greiði áfrýjanda 45.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Aðalflutningur í héraði fór fram dagana 7. og 23. mars 1990, og var málið þá dómtekið. Það var endurupptekið til munnlegs flutnings að nýju 1. október 1990 án nokkurra skýringa og án þess að ný gögn væru lögð fram eða leitað nýrra upplýsinga í málinu, sbr. 120. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. nú 104. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp þennan sama dag. Ekkert er fram komið, er réttlætt geti þennan drátt á málsmeðferðinni.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Stefndi, Guðjón Elí Jóhannsson, greiði áfrýjanda, Jóni Gunnari Hilmarssyni, 45.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Seltjarnarness 1. október 1990.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Jón Gunnar Hilmarsson pípulagningamaður, Skólavörðustíg 21, Reykjavík, kt. 180658-7269, höfðað fyrir dóminum með stefnu, birtri 1. 4. 1989, á hendur Guðjóni Elí Jóhannssyni pípulagningameistara, Miðbraut 40, Seltjarnarnesi, kt. 010344-5229, til greiðslu vangreiddra launa í vinnuslysstillfelli fyrir tímabilið 11. 3.-30. 6. 1988, að fjárhæð 214.497,84 kr.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 214.497,84 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostnað].

Af hálfu stefnda eru þær dómkröfur gerðar, að stefndi verði sýknaður af kröfum stefnanda að undanskildum 27.460 kr., sem stefndi viðurkenni að skulda stefnanda. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi stefnanda skv. gjaldskrá LMFÍ.

Sáttaumleitanir dómara reyndust árangurslausar.

Mál þetta var áður munnlega flutt og dómtekið 23. 3. sl., en endurflutt og dómtekið að nýju í dag.

II.

Málavextir eru þeir, að stefnandi, sem er pípulagningamaður, skaddaðist 11. mars 1988 á hendi, þar sem hann var við vinnu sína í verkamannabústað í Grafarvogi í Reykjavík, en hann starfaði þá hjá stefnda, sem er meistari í pípulagningaiðn, og hafði starfað hjá honum frá því í nóvember 1987. Slysið varð með þeim hætti, að stefnandi var að tengja ofn, sem hafði verið tekinn frá, meðan múrað var á bak við hann. Iðnnemi í námi hjá stefnda hafði hengt ofninn á festingarnar með stefnanda, og var stefnandi að færa ofninn að stútum þeim, sem hann átti að tengjast við. Hann hafði tekið undir ofninn með vinstri hendi, en ofan á hann með hinni hægri. Ofninn virðist ekki hafa setið í festingunum, og við átakið fór hann fram af röllum þeim, er hann hékk í, og féll á gólfið. Varð stefnandi þá undir honum með höndina, og skaddaðist baugfingur vinstri handar mjög mikið. Vinnufélagi hans flutti hann þegar á slysadeild Borgarspítalans, og var þar gert

að meiðslunum. Stefnandi var svo óvinnufær af völdum slyss þessa fram í júlí 1988, en gat þá hafið störf við akstur fólksbifreiðar til mannflutninga, þótt hann gæti þá enn ekki hafið störf í iðn sinni.

Stefnandi lauk sveinsprófi í pípulagningaiðn í júní 1981, og hefur hann starfað við pípulagnir hjá meisturum í iðngreininni síðan með nokkrum hléum, sem hafa þó ekki verið svo löng, að þau skertu réttindi hans. Óumdeilt er í málinu, að stefnandi hafi áunnið sér rétt til launa í allt að sex mánuði í vinnuslysatilfellum skv. kjarasamningi stéttarfélags síns og Félags pípulagningameistara, þar af einn mánuð á staðgengilskaupi. Eftir slysið greiddi stefndi stefnanda staðgengilslaun fyrstu átta vinnudagana, en eftir það tímavinnukaup til 23. 6. 1989. Í rekstri málsins hefur það verið viðurkennt af hálfu stefnda, að stefnandi eigi rétt á staðgengilskaupi í einn mánuð vegna áunninna réttinda sinna og að auki dagvinnulaun í fimm mánuði.

III.

Af hálfu stefnanda eru dómkröfur reistar á því, að samkvæmt 4. gr. laga nr. 19/1979 sé svo fyrir mælt, að allt verkafólk, sem forfallist frá vinnu vegna slysa við vinnuna, skuli fá greidd laun fyrir dagvinnu í tiltekinn tíma samkvæmt þeim taxa, sem viðkomandi hafi tekið laun eftir, enda sé unnið fyrir aðila, sem fáist við atvinnurekstur í viðkomandi starfsgrein. Sá taxti sé í þessu tilviki uppmælingartaxti, en ekki einhver tímakaupstaxti, sem vinnuveitandi ákveði.

Þá sé í VII. kafla kjarasamnings Sveinafélags pípulagningamanna og Félags pípulagningameistara mælt fyrir um viðtækari rétt launþega til handa í vinnuslysatilfelli en lög nr. 19/1979 mæli fyrir um. Þegar svo standi á, njóti launþegi samningskjaranna.

Af hálfu stefnanda eru stefnukröfur málsins þannig fundnar, að tíma-kaup stefnanda í fjórum síðustu uppmælingarverkum, sem stefnandi vann fyrir slys, er lagt til grundvallar. Tímakaup þetta sé að finna á dskj. 21 og 22, sem stafi frá stefnda. Tímakaupstölurnar séu lagðar saman og deilt í útkomuna með fjórum, og þannig sé fengið meðaltaltímakaupið 707,87 kr., þ. e. $(852,25 + 764,84 + 531,78 + 682,62) : 4 = 707,87$. Frá 20. maí 1988 hafi tímakaupið síðan verið hækkað í 829,52 kr. í samræmi við kauphækkun, sem þá varð. Sú tala sé fundin með því að skipta endur-reikningi mælinga skv. dskj. 27 á sama hátt og gert sé á dskj. 21 og 22. Laun fyrir hverja viku skv. þessu séu síðan færð í fremsta launadálk á dskj. 20. Í miðdálk séu færð greidd veikindalaun skv. dskj. 5-19 og mismunur í aftasta dálk. Stefnufjárhæðin sé svo samtala mismunarins í aftasta dálki.

Því er haldið fram af hálfu stefnanda, að hann hafi nær eingöngu unnið í ákvæðisvinnu hjá stefnda, og beri því að miða dagvinnulaun stefnanda

við það tímavinnukaup, sem hann hafði í ákvæðisvinnu hjá stefnda. Sá taxti hafi í þessu tilviki verið uppmælingartaxti. Þá beri að miða tímakaup stefnda þann tíma, sem hann var forfallaður vegna slyssins, við meðaltal síðustu fjögurra uppmælingarverka, sem stefnandi vann hjá stefnda fyrir slys.

Af hálfu stefnda er skilgreiningu stefnanda á hugtakinu „dagvinnulaun“ mótmælt. Allur vafi sé tekinn af þessu í 2. mgr. 5. gr. laga nr. 19/1979, en þar komi fram, að ekki sé átt við neins konar álög, svo sem bónus, premíu o. s. frv. Þá hafi þetta hugtak aldrei verið túlkað á annan hátt en stefndi haldi fram. Þá er því haldið fram af hálfu stefnda, að við ákvörðun staðgengilslauna stefnanda sé eðlilegast að miða við meðaltalstímakaup starfsmanna stefnda á ársgrundvelli, þar sem hlutfall tímavinnu pípulagningamanna hafi reynst vera að meðaltali 35,14% af mælingartímum. Þetta hlutfall fáið með því að reikna út laun samstarfsmanna stefnanda á einu ári, þar sem fram koma mælingartímar annars vegar og tímavinnutímar hins vegar. Hlutfall tímavinnutíma af mælingartímum þessara starfsmanna hafi reynst vera 25,62%, 34,06% og 45,74% og að meðaltali 35,14%. Þá er á því byggt af hálfu stefnda, að enda þótt fallist yrði á sjónarmið stefnanda í máli þessu, verði að teljast óeðlilegt að miða við útreikninga stefnanda, þar sem enginn pípulagningamaður vinni eingöngu í mælingu, heldur sé ávallt um að ræða einhvern tíma, sem unninn sé í tíma-vinnu.

Niðurstaða dómsins.

Í lögum nr. 19/1979 um rétt verkafólks til uppsagnarfrests frá störfum og til launa vegna sjúkdóms- og slysaforfalla svo og í gildandi kjarasamningi Félags pípulagningameistara og Sveinafélags pípulagningamanna er gerður greinarmunur á rétti til dagvinnulauna í tiltekinn tíma vegna slysa eða veikinda annars vegar og rétti til svokallaðra staðgengilslauna hins vegar. Í fyrra tilviki er gert ráð fyrir því, að launþegar haldi dagvinnulaunum sínum í tiltekinn tíma, þ. e. launum m. v. átta klst. vinnudag, og skuli þá miða við þann launataxta, sem viðkomandi starfsmaður tók laun eftir, áður en hann forfallaðist. Í síðara tilviki er gert ráð fyrir því, að launþegi skuli um tiltekinn tíma eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd. Í fyrra tilviki eru launþeganum tryggð dagvinnulaun fyrir átta klst. vinnudag fimm daga vikunnar, en án eftirvinnu o. þ. h. Í síðara tilviki skal greiða launþega þau laun, sem hann hefði borið úr býtum, ef ekki hefði komið til forfalla vegna slyss eða veikinda, þ. m. t. yfirvinnu o. þ. h.

Í kjarasamningi þeim, sem lagður hefur verið fram í máli þessu og gerður hefur verið milli stéttarfélaga málsaðila, er samið um mánaðarlaun félaga

í Sveinafélagi pípulagningamanna ásamt ýmsum kostnaðarliðum, yfirvinnu-kaup o. fl. Þar er samið um launaflokka og launaprep m. v. starfsaldur. Þar er jafnframt samið um mælingartölu sveina í sambandi við upp-mælingarvinnu.

Óumdeilt er, að uppmælingarvinna er algeng í pípulagningaiðn sem og í mörgum öðrum iðngreinum. Ljóst þykir með hliðsjón af því, hvernig upp-mælingartaxtar eru upp byggðir, þ. e. af einingaverði, að um er að ræða afkastahvetjandi launakerfi, þar sem afköst ráða því, hve mikið menn bera úr bítum hverju sinni.

Með hliðsjón af þessu og orðalagi laga nr. 19/1979, sbr. viðkomandi kjarasamning, telur dómurinn, að laun á grundvelli uppmælingar séu ekki dagvinnulaun í skilningi síðastnefndra laga og III. kafla kjarasamnings stéttarfélag aðila, en á hinn bóginn teljist þau grundvöllur staðgengilslauna. Dómurinn telur m. ö. o., að með hinu tilvitnaða orði, „dagvinnulaun“, í lögunum og kjarasamningnum sé átt við umsamin laun samkvæmt taxa kjarasamnings eða umsamin laun, séu þau hærri en kjarasamningur kveður á um, en að undir hugtakið falli ekki launaaúkar, sem stafa af mismunandi afköstum, álögum, premíum o. þ. h.

Samkvæmt þessu telur dómurinn stefnanda eiga rétt á staðgengilslaunum í einn mánuð og dagvinnulaunum í fjóra mánuði, en kröfugerð stefnanda tekur til fimm mánaða tímabils.

Dómurinn telur nærtækast að miða staðgengilslaun stefnanda við meðal-laun hans í mælingu hjá stefnda þann tíma, er hann starfaði hjá stefnda, en ekki þykir unnt að leggja til grundvallar þá útreikninga, sem stefndi hefur lagt fram um hlutfall tímavinnu- og mælingarvinnu annarra starfs-manna á ársgrundvelli.

Um þá mánuði, sem stefnanda bera dagvinnulaun fyrir, verður stuðst við yfirlit stefnda og launaseðla, sem hafa ekki sætt sérstökum andmælum sem slíkir af hálfu stefnanda.

Samkvæmt fram lögðum gögnum hafa heildargreiðslur frá stefnda til stefnanda vegna hins umstefnda tímabils numið 219.511,68 kr., en samkvæmt því, er hér að neðan verður rakið, telur dómurinn stefnanda hafa átt að fá greitt fyrir tímabilið samtals 275.285,02 kr., og nema því ógreidd laun til stefnanda alls 55.773,34 kr., sem sundurliðast þannig:

A. Staðgengilslaun í 22 vinnudaga:

<i>Tímabil</i>	<i>Laun stefnanda</i>	<i>Greitt af stefnda</i>	<i>Mismunur</i>
14/-16/3 88	16.988,88	16.382,88	606,00
17/3-23/3	28.314,80	27.304,80	1.010,00
24/3-30/3	28.314,80	13.529,00	14.785,80
5/4-6/4	11.325,92	5.412,00	5.913,92

<i>Tímabil</i>	<i>Laun stefnanda</i>	<i>Greitt af stefnda</i>	<i>Mismunur</i>
7/4-12/4	22.651,84	13.529,00	9.122,84
	kr. 107.596,24	kr. 76.157,68	kr. 31.438,56

B. Dagvinnulaun 13. 4.-30. 6. 1988.

<i>Tímabil</i>	<i>Laun stefnanda</i>	<i>Greitt af stefnda</i>	<i>Mismunur</i>
13/4 88	2.705,78	0,00	2.705,78
14/4-20/4	13.529,00	13.529,00	0,00
20/4-27/4	10.823,00	10.823,00	0,00
28/4-4/5	13.529,00	13.529,00	0,00
4/5-11/5	13.529,00	13.529,00	0,00
11/5-18/5	13.529,00	13.529,00	0,00
19/5-25/5	13.529,00	13.529,00	0,00
26/5-2/6	18.024,00	14.419,00	3.605,00
2/6-8/6	18.024,00	18.024,00	0,00
9/6-16/6	18.024,00	18.024,00	0,00
16/6-23/6	14.419,00	14.419,00	0,00
23/6-30/6	18.024,00	0,00	18.024,00
	kr. 167.688,78	kr. 143.354,00	kr. 24.334,78

Vangreidd staðgengilslaun stefnanda umrætt tímabil nema skv. ofan-skráðu 31.438,56 krónum og vangreidd dagvinnulaun 24.334,78 krónum, og á stefnandi því inni hjá stefnda vangreidd laun samtals að höfuðstól 55.773,34 kr., og er niðurstaða dómsins sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda þá fjárhæð með vöxum, eins og í dómsorði greinir.

Eftir atvikum þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu.

Finnbogi H. Alexandersson héraðsdómari kveður dóm þennan upp.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Guðjón Elí Jóhannsson, greiði stefnanda, Jóni Gunnari Hilmarssyni, 55.334,78(?) kr. með [nánar tilgreindum vöxtum].

Málkostnaður fellur niður.

Dómi þessum ber að fullnægja innan fimmtán daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.